

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU

Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

79. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) 2024 var haldinn kl. 09:00 mánudaginn 26. febrúar 2024 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varaformaður, Kristín Hreinsdóttir ritari, Einar Kristján Jónsson, Sigríður Karólína Viðarsdóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri.

Kristín Hreinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- Reglur um akstur fyrir fatlað fólk*
Farið yfir reglur um akstur fyrir fatlað fólk.
Samþykkt samhljóða.
- Reglur um akstursþjónustu eldri borgara*
Farið yfir reglur um akstur fyrir eldri borgara. Samþykktar með þeirri breytingu að bætt er við ferðum í akstri undir liðnum Aðrar ferðir vegna persónulegrar umhirðu (s.s. hár- og fótsnyrtingu).
Samþykkt samhljóða.
- Önnur mál*
 - Kynning frá Tröppu.*
Rætt um kynningu frá Tröppu og stöðu í þjálfunar vegna talmeina.
 - Staða í starfsmannamálum byggðasamlagsins.*
Farið yfir stöðu í starfsmannamálum. Búið er að ráða náms- og starfsráðgjafa í 100% stöðugildi. Kennsluráðgjafi hefur verið ráðinn til reynslu til loka maí. Staða starfsmannamála er því almennt góð.

Næsti fundur verður haldinn 25. mars 2024 kl. 09:00.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:45.